

SKÝRSLA
UM
GREIÐSLUVANDA OG GJALDÞROT
FÁEINIR PUNKTAR ÚR UMHVERFI
FJÁRHAGSERFIÐLEIKA
ÁSAMT
HUGMYNDUM TIL LAUSNAR

SKÝRSLU ÞESSA TÓK SAMAN
Guðbjörn Jónsson 101041-3289
í nóvember 1991

INNGANGUR:

Kæri lesandi!

Höfundur þessara skrifa hefur undanfarin ár tileinkað sér sérstaklega greiðsluvanda fólks vegna fjárskuldbindinga. Á árunum 1985 til 1988 mótaði ég mér ákveðnar aðferðir til úrlausnar í slíkum málum. Ég kom mér upp reiknilíkönum og öðrum nauðsynlegum búnaði til þess að gera rekstrarlíkan af heimilishaldi. Á þeim árum starfaði ég í hagdeild banka og fékk þar góða yfirsýn yfir helstu starfsreglur lánastofnana. Þessi þekking hefur svo nýst mér til þess að leggja fyrir tillögur til lausnar greiðsluvanda. Tillögur sem lánastofnanir hafa getað fallist á. Einnig hefur það haft góð áhrif að ég hef getað rætt við starfsmenn lánastofnana á jafnréttisgrundvelli, því mér eru fullkomlega kunnar þær takmarkanir sem starfsreglur þeirra setja þeim. Þetta verður oftast til þess að hægt er að ræða leiðir til lausnar, samhliða því að byggja upp heildartillögur að skuldbreytingum.

Frá ársbyrjun 1990 hef ég starfað við svona ráðgjöf. Fyrst á vegum G-samtakanna, fram í mars á þessu ári (1991), en þá tóku nýir ráðamenn samtakanna þá ákvörðun að vilja ekki lengur tengja samtökin þessu ráðgjafastarfi og í blaðaskrifum töldu þeir þetta eitt mesta slys, sem þeirra samtök hafði hent. Vegna þeirra fjölmörgu, sem ég var að starfa fyrir, og einnig vegna þess hve mér var ljós hin mikla þörf fyrir þessa starfsemi, ákvað ég að reyna að tryggja áframhald starfseminnar með stuðningi lánastofnana og annarra aðila er ég taldi málið skylt. Því miður hefur þetta ekki tekist og nú er svo komið að ég get ekki fjármagnað þessa þjónustu lengur og hlýtur hún því að leggjast af í lok þessa mánaðar.

Er ég að áeggjan nokkurra þingmanna tók að mér ráðgjöf undir nafni G-samtakanna var fjárhasstaða verkefnisins ótrygg. Tók ég því nokkra áhættu er ég hóf þessi störf. Þó fjármögnun væri ekki trygg, taldi ég víst að hún fengist, þegar mönnum yrði ljós gagnsemi starfsins. Þetta reyndist einnig rétt. Alþingi ákvað að veita fjármagn til þessarar starfsemi á fjárlögum 1991, sem gerði meira en að greiða upp uppsafnaða launainneign mína. Samhliða því veitti Reykjavíkurborg starfseminni einnig stuðning. Það sem gerðist hins vegar var, að fjárveitingin væri til ráðgjafastarfsins, ákváðu nýir valdhafar í stjórn G-samtakanna að taka þetta fjármagn til annarra nota og skilja mig eftir launalausn og með kostnaðinn af starfseminni.

Þótt starfsemin hafi við þetta færst frá G-samtökunum, er það ekki orðinn neinn gróðavegur að aðstoða fólk í skuldafjötrum, því flestir viðskiptaaðilar svona starfsemi geta ekkert greitt fyrir þjónustuna. Eins og áður sagði reyndi ég að fá aðila, sem málið var skylt, til að styðja þessa starfsemi en það hefur ekki tekist. Staða mála er því orðin sú að ég treysti mér ekki lengur til þess að fjármagna fjármagnsbjörgun og félagslega þjónustu á Íslandi og verð að hætta.

Í þeirri von að uppsöfnuð reynsla mín af þessum málum geti nýst að einhverju leiti til lausnar á þessu stóra vandamáli okkar, tók ég saman nokkra punkta út frá því mikla magni gagna um framkvæmd á svona málum, sem að mér hafa safnast þau átta ár sem ég hef verið að þróa vinnubrögð mín og móta hugmyndir að breyttu skipulagi. Ef einhverjir lesa þetta til enda og finna í því punkta sem þeir telja til bóta, þá er tilgangi þessara skrifa náð. Ég vona innilega að ráðamenn þjóðarinnar hafi framsýni til að ráðast með krafti að þessu mannskemmandi böli okkar og útrýma því sem allra fyrst. Það er mín stærsta ósk til handa fólkinu í landinu.

Nóvember 1991, með kveðju
Guðbjörn Jónsson

Á VETTVANGI VANDAMÁLA

Í þessum kafla verður fjallað um nokkur helstu atriði sem virðast leiða til greiðsluferfiðleika og jafnvel gjaldþrota. Ekki verður fellt inn mikið af skjölum til sönnunar en allt, sem hér er skráð, er til skjalfest og hægt að sannreyna það ef þörf krefur. Samnefnari flestra þátta greiðsluferfiðleika er rangt **verðmætamat** á fjármunum í þjóðfélaginu, sem var tekið upp í júní 1979 með svokallaðri "lánskjaravísitölu".

Vísitala þessi tengdist hvergi tekjuþætti þjóðfélagsins en hækkar í takt við vísitölu er mæla eyðslu. Með þessum hætti er verðmæti peninga kippt úr **öllu** samhengi við önnur verðmæti í þjóðfélaginu. Skuldsetning einstaklinga og fyrirtækja hefur um langt árabil verið mikil og þessi verðskráning peninga hleður stanslaust upp vandamálum **sem kalla stöðugt á meira tap heildarinnar**.

Það vekur athygli að Alþingi, sem verðtryggir lánsviðskipti sín við Alþjóðabankann með gjaldeyrisvog tekjuöflunar SDR, skuli telja sér sæmandi að úthluta þjóðinni öðru verðmætamati peninga en það notar sjálf. Í skjóli rangs verðmætamats peninga og stjórnleysis í vaxta og peningamálum þjóðarinnar, hefur fjöldi einstaklinga og atvinnufyrirtækja verið leidd í gjaldþrot vegna aðstæðna sem þeir höfðu enga möguleika til að hafa áhrif á.

SKULDSETNING TIL NEYSLU:

Ein af algengustu ástæðunum fyrir erfiðleikum fólks er, hvað auðvelt er að skuldsetja sig vegna beinnar neyslu, arðlausra fjárfestinga og/eða rekstrarstarfsemi. Vart er hægt að ætlast til þess að fólk almennt standist gylliboð, sem dynja á því alla daga úr öllum áttum. Eins og þjóðfélag okkar er nú, telst það næstum til mannkosta að hafa tælt einhvern til þess að kaupa eitthvað, sem hann þarfnast kannski ekki og hafði ekki efni á, með því að selja honum það með afborgunum. Annað hvort á skuldabréfi eða með raðgreiðslum á greiðslukorti. Í skjóli þessa möguleika er einnig framkvæmt ýmislegt, sem vafasamt er að samrýmist góðum viðskiptaháttum, enda ber nokkuð á þekkingarskortir á meðferð útreikninga á vöxtum og vísitölum í mörgum þessara pappíra. Auk þess eru þeir iðulega ófullkomlega útfylltir sem getur verið hættulegt.

FASTEIGNAVIÐSKIPTI:

Mjög margir lenda í erfiðleikum vegna fjárfestinga í íbúðahúsnaði. Það virðist nokkuð mikið um ábyrgðarlausar ráðleggingar til fólks sem leitar sér að íbúð. Nokkuð margir hafa leitað til mín með greiðsluskipulag, sem þeir hafa sagt að sölumaður á fasteignasölu hafi sagt þá geta ráðið við. Í öllum þeim tilvikum, sem til mín hafa komið, var þetta ekki rétt. Ekki hafði verið könnuð greiðslugeta viðkomandi aðila og tilboðsuppsetningin bein ávísun á vandræði.

Hvort hluti af ástæðunni er sú staðreynd, að fasteignasali hefur tekjuþátt sinn frá söluverði en enga ábyrgð á ráðleggingum, skal ósagt látið. Tekjur sínar hefur hann frá seljanda og þar liggur hvatinn til sölnnar, óháð öryggi kaupenda sem á hvergi vísan aðila til ráðgjafar. Mál út af þessum þáttum hefur farið fyrir Hæstarétt og niðurstaða þess sýnir að fasteignasali ber enga ábyrgð gagnvart kaupenda íbúðar.

Nokkuð hefur færst í vöxt á undanförunum árum að verktakar séu söluaðilar íbúða í byggingu. Nokkur slík dæmi hafa komið inn á borð hjá mér og því miður hafa flest þeirra verið með einhverja ágalla í frágangi. Nokkuð skrytið þar sem flestir pappírarnir

hafa verið unnir á viðurkenndum fasteignasölum. Einn af alvarlegri ágöllum þessara pappíra er **skollaleikur** með lánskjaravísitöluna. Þetta er nokkuð alvarlegt því af einhverjum ástæðum hafa dómstólar ekki tekið á málinu, þegar kröfur eru gerðar aðfarahæfar. Þetta gerist þannig að í kaupsamning, sem dagsettur væri t.d. nú í byrjun nóvember 1991 vegna kaupa á íbúð að verðmæti 6 milljónir, væri ákvæði um að t.d. upphæð 2 milljónir, **tilgreind upphæð á samningsdegi**, tæki mið af lánskjaravísitölu ca. eitt ár aftur í tímann.

Þegar svo er farið að innheimta samninginn, eru þessar 2 milljónir verðbættar með lánskjaravísitölu ca. **ári áður en samningur er gerður**. Þetta er að sjálfsögðu rangt. Þegar tilgreind er upphæð í ísl. krónum, á samningsdegi eða miðuð við ákveðinn dag, **er öll viðmiðun hennar við vísitölu aftur í tímann einungis til lækkunar á hinni tilgreindu upphæð hinnar tilgreindu dagsetningar**. Þarna hefur verið viðhaft alvarlegt blekkingarspil, sem kostað hefur margar fjölskyldur mikið taugastríð og fjármunatap. Hvernig stendur á að menn eru slegnir þeirri blindu að láta þetta viðgangast skal ósagt látið en út frá þessu eru mörg fjárhagsvandráði komin.

Eitt dæmi sem ég skoðaði var á þá leið að verið var að innheimta tæpar tvær milljónir sem ógreitt hjá kaupanda. Rétt reiknuð skuld hans var hins vegar ekki nema tæp fjögur hundruð þúsund. Þarna var að vísu einnig stórkostleg vanþekking á meðferð dráttarvaxta og verðbóta, en það hafði ekki mikil áhrif á upphæðina í þessu tilfelli. Nokkuð mikið er um að fólk treysti um of orðum söluaðila og sölumanna um ýmis atriði er varða skil, ástand og lagfæringar hins keypta, þegar samningar eru gerðir. Mjög algengt er að heyra fólk segja: **“Hann SAGÐI að þetta yrði gert”**. Þegar svo efndir á orðum verða engar, hefur fólk ekkert í höndum sem sannar þeirra mál. Vegna þessa er mjög brýnt að hvetja fólk til þess að láta SKRIFA allt sem SAGT er um skil og ástand í samninginn. Ef ætlunin er að standa við gjörðina er það öllum til góðs að hún sé staðfest í samningnum.

LÁNASTOFNANIR:

Það sem einkennt hefur útlánastarfsemi lánastofnana undanfarin ár er vanmat þeirra á greiðslugetu lántaka. Mjög algengt er að lánastofnanir láni of háar upphæðir til of stutts tíma og búi þannig til grundvöll fyrir greiðsluvandræði eða jafnvel gjaldþrot síðar. Til þess að þurfa ekki að takast á við mat á greiðslugetu lántaka, hafa lánastofnanir skotið sér á bak við ábyrgð ábyrgðarmanna.

Það ætti að vera nokkuð víst að hvergi í þjóðfélaginu ætti að vera meiri þekking á fjármagnskostnaði og greiðslubyrði lána en einmitt í lánastofnunum. Þessi kostnaður hefur stórauðist í okkar þjóðfélagi frá árinu 1979 er lánskjaravísitalan var tekin í notkun. Því miður er það of oft sem telja verður ábyrgðarlaus útlánastarfsemi upphaf að miklum hörmungum, sem teygja sig um margar fjölskyldur og virkar iðulega eins og snjóbolti, því lánastofnanir hafa ekki gætt þess að þeir aðilar sem þær taka gilda sem ábyrgðaraðila, séu í raun færir um slíkt, vegna eigin skuldsetningar. Allt þetta hefur kallað á mikið ábyrgðarleysi í meðferð fjármuna og í skuldsetningu, sem síðan teygir anga sína um allt viðskiptalífið og er þegar orðið eitt stærsta bölg þjóðarinnar.

Nokkur misbrestur er á því að lánastofnanir standi sig í að skila frumritum af uppgreiddum skuldbindingum og mörg tilvik þar sem frumritum hefur ekki verið skilað mörgum mánuðum eftir lokagreiðslu. Nokkuð margar kvartanir hafa borist um að svona pappírar komi aftur til innheimtu eftir nokkur ár. Ekki hefur verið hægt að staðfesta þetta vegna þess að þeir sem hafa kvartað hafa ekki gætt þess að geyma greiðslukvittanir.

Dæmi hafa komið upp um innheimtuaðgerðir, sem teknar eru upp eftir nokkra ára hlé, t.d. innheimta eftir 5 til 7 ár, þar sem ekki hefur tekist að sýna fram á neinar aðgerðir á tímabilinu, en eftir slíkan tíma er allt í einu farið af stað með harðar innheimtuaðgerðir með fullum dráttarvaxtareikning og kostnaði. Þetta verður oft verulegt áfall fyrir viðkomandi aðila, sem eins og áður sagði telur sig hafa greitt lánið að fullu fyrir mörgum árum. Ef lánastofnanir væru ábyrgari í skilum sínum á frumritum, ætti að vera hægt að komast hjá svona vandamálum.

Annar þáttur verður oft til vandræða en það eru slæm skil lögmanna til lánastofnana á greiðslum sem til þeirra eru greiddar, aflýsingu fjárnáma sem tekin voru til tryggingar greiðslum og skil á frumgögnum mála, þ.e. víxlum og skuldabréfum. Þetta hefur oft skapað veruleg vandamál við að greina hina raunverulegu skuldastöðu viðkomandi skuldara og veldur iðulega erfiðleikum við fjármögnun til lausnar vandamállum. Þá er að nefna það sem er einna nýjast í þessum málum en það eru hin miklu skipti á skuldabréfum, sem orðið hafa í tengslum við það sem kallað hefur verið “skuldbreyting”.

Iðulega verð ég var við að báðar skuldtölurnar eru skráðar í tölvukerfi lánastofnana, nokkuð löngu eftir að skuldbreyting hefur átt sér stað. Þess ber að geta að mikið af þeim skuldbreytingum sem hér um ræðir, hafa verið gerðar á lögmannsstofum, en eins og áður segir, virðast lögmennt seinir að skila slíkum pappírurum til viðkomandi lánastofnunar og aflýsa fjárnámum vegna eldri útgáfu skuldabréfa, sem greidd hafa verið með nýjum. Þó er einnig nokkuð um að slíkt gerist hjá lánastofnunum og verður að telja eitt tilvik einu of mikið hjá slíkri stofnun.

Þá er mikið um að skuldapappírar “víxlar og skuldabréf” sem lögð eru inn hjá lánastofnun, sem trygging fyrir ákveðnum samningum, séu ekki merkt sem slík og ekki merkt þeim samningum sem þau eru til tryggingar og síðar notuð til innheimtu mun hærri skuldar en þau voru stofnuð til. Þannig er lögð mun hærri ábyrgð á ábyrgðaraðila skuldapappírsins en þeir tóku á sig. Eitt algengasta dæmið um þetta er í tilvikum tryggingapappíra vegna greiðslukorta.

Hvað varðar starfsemi kortafyrirtækjanna er versta vandamálið hvað þau stöðva seint úttektir á kort umfram heimildir samninga. Þetta er skortur á framkvæmd þeirra á samningum þeim er þau sjálf setja upp og eru einn af öryggisþáttum sem ábyrgðaraðilar treysta á, þegar þeir setja nöfn sín á upphæðarlausa tryggingapappíra. Þá virðast þau hækka úttektarheimild samninga án þess að leita samþykkis ábyrgðaraðila tryggingapappíra. Þetta er ólögleg íhlutun í fjármál ábyrgðarfólks.

Því miður hafa þessi fyrirtæki brugðist þessu ábyrgðarfólki og í skjóli vanrækslu lánastofnana á merkingum tryggingapappíranna er oft sótt til ábyrgðaraðila margföld sú upphæð sem hann gekk í ábyrgð fyrir. Iðulega veldur þetta heiftarlegum deilum og ósamlyndi fjölskyldna og ættingja, sem gerst hafa ábyrgir, og lenda þeir iðulega sjálfir í hrikalegum erfiðleikum vegna þessa. Jafnvel dæmi um missi íbúða, því þessi fyrirtæki eru ófánleg til raunhæfra samninga um greiðslutíma sem hægt er að uppfylla.

INNHEIMTA LÖGMANNA:

Eitt af því umdeildasta í ferli fjárhagserfiðleika eru innheimtuaðgerðir lögmanna. Höfundur þessara skrifa hefur átt því láni að fagna, að Lögmannafélagið treysti honum fyrir gjaldskrá þeirra. Það að hafa þessa gjaldskrá hefur gert það að verkum að ég hef mjög oft getað sýnt fólki fram á að lögmennt hafi ekki tekið eins mikið af þeim og

gjaldskrá þeirra leyfði. Því er ekki heldur að leyna, að einnig hafa komið í ljós nokkrir lögmenn er virðast fara æði frjállega með verðlagningu þjónustu sinnar.

Eitt af því sem er sérstaklega ábótavant í innheimtukerfi lögmanna eru dagsetningar, skýringar og rökstuðningur hinna ýmsu kostnaðarliða innheimtunnar. Tökum dæmi: Í innheimtu lögmanna er getið HÖFUÐSTÓLS en þess ekki getið við hvaða dagsetningu hann er miðaður. Þetta gerir það að verkum að ekki er nokkur leið að staðfesta útreikning þeirra á dráttarvöxtum. Þá eru ýmsir liðir s.s. samningsvextir, bankakostnaður, ótilgreindur tími dráttarvaxta þar sem upphafs og lokadagsetningu vantar, fjöldi aðgerða og einingarverð og ljósrit af útlögðum kostnaði. Ekkert af þessum liðum er hægt að sannreyna í innheimtukröfum lögmanna.

Ég tel að þarna sé farið fram hjá ákvæðum um gerð reikninga og innheimtukrafna, þar sem þess er krafist að hægt sé að sannreyna alla þætti kröfunnar og sannreyna að niðurstaðan sé rétt. Þetta er ekki hægt með innheimtur lögmanna. Einnig er hægt að sýna fram á tilvik um tvöfalda innheimtu án þess að um misgáning sé að ræða. Þá er þess að geta að ekkert virkt eftirlit er með starfssemi lögmanna. Eftirlitið er innan þeirra eigin raða og í fjölmörgum tilvikum hefur það reynst leggja réttlætið til hliðar, til þess að forðast átök innan stéttarinnar.

Hvað varðar útgáfur lögmanna á “Áskorunarstefnum” væri skaðlaust að í lok þulunnar um útreikning dráttarvaxta kæmi niðurstöðutala um heildarupphæð stefnunnar með dráttarvöxtum. Þessa tölu hafa útgefendur stefnunnar á hreinu en það gæti vafist fyrir fólki að finna þetta út og skortir kannski kjark til að hringja í lögmanninn og spyrja. Þetta væri auðveld lausn á stórru spurningu. Þá er að geta þess þáttar í innheimtu lögmanna, sem er hvað alvarlegastur, en það er móttaka lögmanna á innistæðulausum ávísunum, dagsettum langt fram í tímann vegna greiðslu á kröfum hjá þeim. Þetta er alvarlegt brot, þar sem hér er um lögmenntaða menn að ræða. Fjölmörg alvarleg vandamál hafa skapast út frá þessu háttalagi lögmanna sem hingað til hafa sloppið við sakfellingu vegna þessa.

DÓMSTÓLAR:

Fyrst er að geta dómstóls sem starfað hefur hér á landi um margra ára skeið, utan laga og réttar. Ég hef gagnrýnt þetta lengi og Dómsmálaráðuneytið staðfesti árið 1986 að þessir aðilar hefðu ekki úrskurðarvald í íslensku réttarfari. Þarna á ég við svokallaða LÖGMANNANEFND TRYGGINGARFÉLAGANNA. Nefnd þessi kveður upp úrskurði í tjónamálum tryggingafélaganna. Ekki er hægt að áfrýja úrskurði þessarar nefndar. Ef aðili er ósáttur við úrskurð nefndarinnar, er hans eina vörn að höfða mál fyrir löglegum dómstóli til ógildingar úrskurðinum.

Málshöfðun frestar ekki framkvæmd úrskurðar nefndarinnar og á grundvelli þess úrskurðar er framkvæmd eignaupptaka og réttindaskerðing, sem ekki hefur fengið meðferð samkvæmt stjórnarskrá lýðveldisins Ísland. Fyrir þessum dómi á aðili ekki kost á að gæta réttar síns því hann fær ekki áheyrn eða að grípa til varna. Þá er þess að geta að úrskurðir þessa dóms ganga oft þvert á úrskurði hins LÖGLEGA dómsaðila í umferðarrétti og úrskurður hins löglega aðila skiptir tryggingafélöginu engu máli.

Fógetaréttur er það stig réttarfars þar sem þolandinn á að geta treyst því að úrskurðaraðilinn virði fullkomlega lagalegan og stjórnarskrárbundinn rétt hans. Því miður er þarna iðulega mikill misbrestur á. Þarna hefur einnig um nokkurt skeið farið fram framsal valds, sem ekki stenst lagalega séð. Þetta er framsal vörslusviptinga í

hendur lögmannna. Um nokkurt skeið hefur það viðgengist hér að eignir séu vörslusviptar með aðgerðum sem nálgast þjófnað. Dæmi eru um að farið hafi verið inn á heimili þar sem einungis börn voru til staðar og innbú fjarlægð án skráningar í fúgetabók. Þá eru fjölmörg tilvik um að bifreiðar hafi verið fjarlægðar að nóttu til, einnig án þess að það hafi verið skráð í fúgetabók.

Þetta ólöglega framsal framkvæmdavalds hefur leitt af sér ákveðið tómarúm í ábyrgðarþætti, vegna hugsanlegra skemmda á hinu vörslusvipta, þar sem hluturinn er ekki tekinn í vörslu fúgeta og lögum ekki framfylgt um skráningu verðmætis (hins vörslusvipta) í fúgetabók, þegar lögmaður tekur eign upp í kröfu. Þá er mikill skortur á að fúgetaréttur skili af sér uppgjöri til þolenda í uppboðsmálum. Það er einhvern veginn eins og þolandinn sé algjör aukahlutur í framgangi fúgetamála og hvergi er merkjanleg réttindagæslu þolandans á þessu réttarsviði. Fram til þessa hef ég haldið að það væri hlutverk fúgeta að gæta þess, að þolandinn nyti fulls réttaröryggis og hagsmunum hans væri ekki fórnað í þágu annarra. Því miður er mikill skortur á að þessi hagsmunagæsla sé til staðar.

Héraðsdómur er það dómsstig sem mæðir á í okkar réttarkerfi. Því miður er það svo að þetta dómsstig virðist of oft verða viðskila við réttlætið en það er einmitt hornsteinn okkar stjórnskipulags. Héraðsdómur gerir ekki nógu miklar kröfur til þeirra pappíra, sem lagðir eru þar fram sem málskjöl. Dæmi sanna að hægt er að leggja fram, fyrir þessum dómstól, pappíra sem standast ekki lög um frágang, og beinlínis innihalda ósannindi, eins og sýnt hefur verið fram á. Þá er oft eins og dómara kynni sér ekkert það sem fram kemur í málum, hvorki við yfirheyrslur fyrir rétti né í greinargerðum, og kveða svo upp dóm sem fræðilega getur ekki staðist og er ekki í neinu samræmi við eðli mála.

Vegna þess skilnings dómara, að þeir þurfi ekki að rökstyðja úrskurði sína, er ekki hægt að fá fulla vitneskju um hvað það er í raun sem gerist í svona málum. Það er fjarri mér að álíta að þarna sé á ferð heimska eða mannvonska. Frekar mundi ég telja ástæðuna hina miklu pressu sem er á dómstóla að afgreiða mál hratt. Þarna sé einfaldlega ekki næg athygli við lestur málskjala og úrskurður kveðinn upp án þess að hafa óyggjandi heildaryfirsýn yfir málið. Hvort ástæðan er þessi eða önnur, þá er það skylda Alþingis að gæta þess að réttarfar og réttlæti fari saman. Ábendingar um misbresti á þessu sviði hafa verið svo margar að óhjákvæmilegt er að taka alvarlega til í þessum málum.

Hæstiréttur á að vera öryggisventill réttlætis, samkvæmt stjórnarskrá Lýðveldisins Ísland. Því miður virðist rétturinn of oft verða viðskila við þetta höfuðmarkmið sitt og búa sér til eigin túlkanir á réttlæti, sem ekki eru kynntar þjóðinni og fara iðulega ekki saman við tilgang laga þeirra sem eiga að móta samskiptareglur okkar.

Ég hef áður bent á tilvik þar sem Hæstiréttur kvað upp lokaúrskurð í máli, án þess að lykilmáður í vitneskju um málið væri yfirheyrður eða lögð fram greinargerð með framburði hans. Málið kom til Hæstaréttar frá héraðsdómi með þessum ágalla.

Hæstarétti yfirsást þetta atriði, sem líklega hefur valdið þolanda óþarfa útgjöldum í námunda við 2 milljónir króna eða sem svarar brúttó launum viðkomandi í 3 ár. Eitt slíkt tilvik af hálfu Hæstaréttar er einu tilviki of mikið í þjóðfélagi, sem vill kenna sig við réttlæti og mannréttindi.

YFIRVÖLD DÓMSTÓLA:

Í ráðuneyti dómsmála **virðast** menn haf gefist upp við að gæta þess (hluta) réttlætis, sem þeim er falið samkvæmt stjórnarskrá. Það lítur út fyrir að hinn mikli fjöldi kvartana vegna réttarfars í landinu nái ekki athygli manna þar og þeir hafi kosið að loka augum og eyrum fyrir öllu slíku. Það er sár lífsreynsla, hverjum þeim sem reynir, að verða vitni að því að vagga réttlætis skuli vera svo lítil í framkvæmdaðætti réttarfars, að manneskjan komist þar sjaldan í gegn. Það hefur tíðkast hér í seinni tíð að starfandi lögmenn séu fengnir til þess að semja frumvörp til laga, er stýra skulu réttarfari í landinu. Nú er það svo að það heyrir undir atvinnuöryggi lögmanna að lög séu svo óljóst orðuð, að hægt sé að túlka þau á sem flesta vegu, að helst sé engin leið að lesa skýran tilgang laganna út úr texta þeirra. Þetta virðist hafa tekist þokkalega vegna andvaraleysis Alþingis og því sem kalla mætti oftrú á lögmönnum til slíkra verka, en vantrú þingmanna á sjálfum sér og sinni skynsemi.

VIRÐING FYRIR RÉTTLÆTI:

Hér hefur verið dregið á nokkra helstu þætti þess ástands sem ríkir í þeim málum er tengjast fjárhagserfiðleikum, eignamissi, gjaldþrotum einstaklinga og fyrirtækja.

Upphaf flestra vandamála er að finna í of mikilli skuldsetningu, sem fer í vanskil við minnsta samdrátt í tekjum. Hvort þessi samdráttur verður vegna veikinda, slysa, missis atvinnu eða minnkunar, finnst mér ekki aðalmál í þessu tilviki. Það sem mér finnst mest áriðandi er, að fólk geti leitað aðstoðar tímanlega og það viti hvar hjálpar er að leita. Stór hluti gjaldþrota og eignasviptinga er framkallaður vegna óraunhæfra krafna innheimtuaðila um hraða á uppgreiðslu vanskila. Ég tel þessi viðbrögð, í yfirgnæfandi meirihluta, stafa af vanþekkingu á meðförum skuldamála en ekki beinni mannvöngu innheimtuaðila. Flestir þeirra kunna ekki aðrar aðferðir til að ljúka málum og bera heldur enga skyldu til að ráðleggja fólki. Það versta er að þeir vita ekki hvert þeir eiga að beina fólki til að leita sér aðstoðar.

Það sem ekki hefur verið nefnt er hin mikla tregða stjórnsýslunnar og stofnana hennar að virða réttlætið og lög þau er Alþingi setur þeim og þjóðinni. Það verður að teljast með ólíkindum hvað það kostar mikla vinnu fyrir einstakling eða félagasamtök að fá stofnanir stjórnsýslunnar til þess að virða réttlætið. Það telst til undantekninga ef svör berast frá þessum stofnunum vegna erinda sem þeim eru send. Ef þau berast eru þau oft í takt við svar það er lögmaður í einu ráðuneytinu gaf mér í síma fyrir rúmu ári síðan, er ég spurði hann um framkvæmd ákveðinna laga hjá ráðuneyti hans. Hann svaraði því til að í ráðuneytinu hefði ekki verið farið eftir þessum lögum og það stæði ekkert til að fara eftir þeim. Ég held að okkur sé hollt að fara að huga að mannkostum og mannkærleika okkar sjálfra ef við ætlum að halda virðingu okkar í viðskiptum við þjóðir hins siðmenntaða heims.

HVAÐ ER FRAMUNDAN?

TEKST SAMSTAÐA UM MARKVISSA LAUSN?

Hvað framundan er byggist alfarið á valdi ráðandi aflu á sviði fjármála og stjórnsýslu í landinu. Ekki er minnsti vafi á því að hægt er að finna lausnir, sem kosta samfélagið tiltölulega lítið, miðað við þær hörmungar sem eiga eftir að bætast við ef ekkert verður gert. Hér á eftir mun ég reyfa nokkrar af þeim hugmyndum sem ég hef talið færar, til þess að losna frá þessu viðkvæma vandamáli okkar. Óneitanlega hlýtur það að vera

viðkvæmt gagnvart öðrum þjóðum að hart nær helmingur þjóðarinnar hafi orðið gjaldþrota eða tengist gjaldþroti í fjölskyldunni á örfáum árum. Þetta er alvarlegri dómur yfir fjármálastjórn í landinu en við viljum viðurkenna ótilneydd.

VANSKIL FJÁRSKULDBINDINGA:

Eitt af því alvarlegasta í fjármálalífi okkar er áreiðanlega hin miklu vanskil fjárkuldbindinga hjá lánastofnunum. Þau eru jafnvel enn erfiðari viðfangs en tapaðar kröfur vegna gjaldþrota. Fjármagn þetta er enn talið með í veltu stofnunarinnar og krepur því að allri starfsemi hennar, þar sem þetta fjármagn er í raun ónothæft. En hvers vegna skyldi vera svona mikið um vanskil? Ætli það sé vegna þess að óheiðarleiki þjóðarinnar hafi vaxið svona hröðum skrefum?

Nei, ég held að skýringin sé að stærstum hluta önnur og mun auðveldara að lækna hana en ef um óheiðarleika væri að ræða. Hinar raunverulegu ástæður vanskilanna eru vegna forsendugalla í uppbyggingu verðtryggingar peninga. Þar vegur trúlega þyngst að lánkjaravísitalan okkar tekur að 1/3 hluta mið af framfærsluvísitölu, **sem ákvarðar eyðslu vísitölufjölskyldunnar í landinu, u.þ.b. helmingi meiri en BRÚTTÓ launagreiðslur í landinu nema** og allir vita að skattar eru ekki innan framfærsluvísitölnnar. Með þessari óraunhæfu “eyðsluvísitölu” höfum við verið að skráfa upp höfuðstól meirihluta lánsfjár í landinu, sem alla tíð frá 1982 hefur verið úr takt við tekjumyndun, bæði einstaklinga og fyrirtækja.

Hægt en markvisst hefur aukist skuldsetning bæði fyrirtækja og heimila, um leið og vanskil hafa verið að aukast sem hlutfall af útlánum. Þetta gerist samhliða því að við erum trúlega með skuldsettasta atvinnulíf í öllum vestrænum heimi og áreiðanlega skuldsettustu heimili í veröldinni.

Við, sem höfum gagnrýnt þetta til margra ára, höfum kallað þetta misgengi lánskjara og launa en það hefur verið sérstaklega alvarlegt á tveim tímabilum þessara ára frá 1982, þ.e. frá seinni hluta árs 1982 til 1984 og svo seinna tímabilið frá 1985 til 1988. Stjórnvöld töldu sér skylt að bæta fyrra tímabilið þeim er fjárfestu í íbúðarhúsnæði en hinir fengu að sitja óbættir í súpunni. Seinna tímabilið hefur ekki verið viðurkennt enn af stjórnvöldum þó það tímabil hafi verið sýnu alvarlegra en það fyrra.

Það er einkum afleiðingar seinna tímabilsins, sem við erum að glíma við nú, sem framkallar mikinn hluta af gjaldþrotum heimila og fyrirtækja. En eigum við einhverja leið út úr þessum gjaldþrotafarvegi? Já við eigum hana og hún er tiltölulega auðfarin en kostar mikla samstöðu. Við verðum að viðurkenna fyrir okkur að lánkjaravísitalan er skaðvaldur í efnahagslífi okkar og þurfum við að leggja hana niður en taka upp í staðinn verðtryggingu í formi gjaldeyrisvogar tekjuöflunar SDR.

Ef við skiptum öllum útlánum, tryggðum með lánskjaravísitölu yfir í tryggingu með SDR, samræmum vexti því sem algengt er í nágrannalöndum okkar og ráðumst svo á vanskilalistann, þá komum við lagi á fjármálastjórn landsins með þeim viðbótaraðgerðum, sem síðar verður getið. En hvernig getum við komið vanskilaskránni lánastofnana í það sem kalla mætti eðlilegt horf?

Við gerum það með því að ráðast markvisst á þessi vanskil. Gerum raunhæfa úttekt á greiðslugetu skuldara, endursemjum um skuldir sem hægt er að greiða á ca. 10 árum en afskrifum hitt sem óraunhæfar upphæðir. Með þessu móti vinnum við tvennt. Við komum atvinnulífinu fyrr úr krepnu vanskila og samdráttar og fækkum gjaldþrotum

fyrirtækja og einstaklinga. Hvorutveggja er þjóðfélaginu verulega mikils virði því raunverulegur hagvöxtur hefur ekki verið hér til margra ára.

Það sem kallað hefur verið hagvöxtur, hefur verið aukið framboð á þjónustu í skjóli óraunhæfrar veltuaukningar fjármagns af völdum lánskjaravísitölunnar, í því sem kallað er þjóðarframleiðsla. Í raun getur hugtakið “þjóðarframleiðsla” aldrei mælt annað en hlutfallið á milli veltu þjóðfélagsins annarsvegar og innflutnings neysluvara og hráefnis til úrvinnslu hinsvegar, svo hægt sé að fylgjast með hlutfalli eigin framleiðslu af heildarneyslu þjóðarinnar. Raunverulegur hagvöxtur verður fyrst til þegar útgjöld þjóðfélagsins verða minni en tekjurnar og hlutfall áðurgreinds innflutnings lækkar sem hlutfall af þjóðarframleiðslu. En er þessi hugmynd mín framkvæmanleg? Já hún er það og sem meira er, hún er ekki erfið í framkvæmd.

Það þarf að búa til í lánastofnunum nýjan lánaflökk, “nýja höfuðbók”, sem hefði að geyma allar þessar skuldbreytingar. Þar sem hér yrði sú sérstaða á ferðinni að allir, sem tilheyrðu þessum lánaflökki, væru sannanlega með fullnýtta greiðslugetu, þyrfti númer þessarar höfuðbókar að fylgja skjámyndinni, sem bankastjórar kalla fram og hefur að geyma viðskiptayfirlit viðkomandi aðila, svo ljóst yrði að ekki væri fært að auka lánsfé viðkomandi án sérstakrar staðfestingar á aukinni greiðslugetu.

Þetta tákni þyrfti að fylgja uppkalli, óháð því hvort viðkomandi skuldaði í þeirri lánastofnun sem kallar fram kennitöluna. Það mundi fyrirbyggja skuldsetningu sem stefna mundi skipulagi greiðsluröðunar í áðurgreindri skuldbreytingu í voða. Æskilegast væri að lánastofnanir tækju einstaklinga og fyrirtæki í heildarviðskipti og í uppkalli kennitölu frá Reiknistofu bankanna fylgdi bankanúmer, sem væri hinn skráði viðskiptabanki viðkomandi aðila. Þetta mundi auðvelda lánastofnunum vörn gegn því að aðilar skuldsettu sig langt umfram greiðslugetu.

FARANDSALA/AFBORGUNARVIÐSKIPTI:

Annar þáttur sem brýna nauðsyn ber að taka á er sölumennska á heimilum manna og almennt, sölumennska utan fasts aðseturs án reglubundinna viðskipta. Verulega mikið hefur hlaðist upp af vandamálum vegna sölumennsku, sem stunduð er með því að ganga í hús og gylla kaupþilboð fyrir fólki. Fjölmargir einstaklingar, fyrirtæki og lánastofnanir hafa orðið fyrir verulegu tapi vegna slíkra viðskipta. Ljóst er að þetta getur ekki gengið svona áfram. Einhverjar breytingar verða að eiga sér stað og það sem allra fyrst. En hvernig breytingar?

Mín tillaga er sú að samin verða lög um “farandsölu og afborgunarviðskipti”, þar sem eftirfarandi atriði verða í fyrirrúmi. FARANDSALA, þ.e. sala í heimahúsum eða utan fasts aðseturs söluaðila, án fastra viðskiptasambanda, verði einungis heimil gegn staðgreiðslu.

AFBORGUNAVIÐSKIPTI, þ.e. sala lausafjármuna gegn afborgunum verði þeim takmörkum háð að skuldbindingar vegna slíkra viðskipta verði einungis aðfarahæfar í þeim hlut sem keyptur var, enda verði eignaréttarfyrirvari til staðar í skuldabréfinu. Ekki verði heimilt að aðskilja skuldakröfu og yfirráð verðmætis þess sem skuldin stofnaðist af, án samþykkis skuldareiganda. Lánastofnanir sem kaupa, það sem kallað hefur verið “þriðja aðila skuldabréf”, eigi einungis kröfurétt á seljanda skuldabréfsins, ef til aðgerða kemur vegna vanskila.

Skuldir sem stofnast vegna svonefndra “raðgreiðslna” á greiðslukortum, nái ekki til ábyrgðarþáttar ábyrgðarmanna vegna samninga um hámarksúttektir en lúti sömu

lögmałum og önnur afborgunarviðskipti. Ég tel óhjákvæmilegt að grípa til einhverra svona stýringar á þessum viðskiptamáta, ef ætlunin er að hann lifi áfram og geti skapast traust á þessum viðskiptaháttum. Þetta leggur ábyrgð á herðar söluaðila við ráðstöfun verðmæta er hann hefur undir höndum. Á sama hátt verður að gera kröfu til stjórnenda lánastofnana, að þeir gæti að endurgreiðslumöguleikum lántaka. Ég teldi mjög brýnt að löggjöf í þessa veru yrði samþykkt á yfirstandandi þingi, 1991-1992.

STARFSHÆTTIR LÖGMANNA:

Þótt ljóst sé að innheimtubáttur í starfsháttum lögmanna mundi minnka stórlega, ef farið væri eftir framanskráðum tillögum mínum, tel ég óhjákvæmilegt að marka skýrari reglur um starfshætti opinberlega starfandi lögfræðistofa. Flest af því sem þar þyrfti að taka á mætti setja ákvæði um í reglugerð. Þó tel ég nauðsynlegt að setja í lög ákvæði um utanaðkomandi eftirlit með starfsemi lögfræðistofa.

Hugmynd mín í þessu sambandi er sú, að sett verði á stofn eftirlitsnefnd sem skipuð verði þrem mönnum. Einum frá Lögmannafélagi Íslands, einum tilnefndum af hálfu neytendasamtaka eða samtaka launafólks, “leikmanni” fyrir hönd þolenda og einum tilnefndum af Hæstarétti. Þessi nefnd fjalli um kvartanir vegna starfsemi lögmanna, veiti áminningar við fyrsta brot en hefði heimild til tímabundinna lokana lögmannsstofa, vegna endurtekinnna ætlaðra brota. Úrskurð um endanlega lokun eða áfrýjun tímabundinna lokunar nefndarinnar, verður fyrir Hæstarétti.

Þá tel ég brýnt að móta skýrar reglur um skil lögmanna til kröfueigenda á mótteknum greiðslum, beina bótaábyrgð vegna vanefnda á aflýsingu fjárnáma og skila frumritum uppgreiddra skuldabréfa. Þá er nauðsyn að taka alvarlega fyrir hin tíðu brot lögmanna, er þeir taka margar ávísanir langt fram í tíma af skuldareigendum. Þetta er alvarlegt brot á lögum um ávísanaviðskipti og sínu alvarlegra þegar löglærðir eiga í hlut, sem þátttakendur í brotinu.

DÓMSTÓLAR:

Hvað varðar úrskurð bótaréttar tryggingafélaga, tel ég óhjákvæmilegt að færa það ákvörðunarvald þegar í stað frá tryggingarfélögunum sjálfum til dómsaðila í hinu löglega dómskerfi þjóðarinnar, sem kveði sameiginlega upp úrskurð um brot á reglum og bótarétt. Hvað önnur dómsstig varðar, er ég ekki vonlaus um að ástandið þar batni verulega við fækkun mála, sem óneitanlega yrði afleiðing af aðgerðum í átt að því sem hér hefur verið kynnt.

TILURÐ LAGA OG TILGANGUR:

Eitt af höfuðmarkmiðum Alþingis er að setja þjóðfélaginu lög og leikreglur. Það sem kannski má segja um starfshætti Alþingis er, að of mikill tími hafi farið í ómarkviss vinnubrögð, setningu laga sem svo til vonlaust var að framfylgja en setning nýrra reglna um siðferði og ábyrgð alveg orðið útundan. Reglur um siðferði verða aldrei bundnar í lög. Því er mjög brýnt að móta skýrar reglur, skrifaðar og staðfestar um almennt siðferði í opinberu lífi og starfi. Þetta er mikið verkefni og flókið og ég ætla mér ekki þá speki að koma með mótaðar tillögur á þeim vettvangi án vandlegs undirbúnings.

Það sem helst má finna Alþingi til álitshnekkis er skortur þess á aðhaldi að þeim lögum er það sjálft setur. Ekki er fátítt að heyra þingmenn í ræðum sínum gera kröfur um að

Alþingi samþykki ályktun, sem væri brot á áður samþykktum lögum Alþingis. Þetta gæti breyst nú, þegar Alþingi er komið í eina deild. Nú gæti skapast tækifæri til þess að kjósa nefnd á vegum þingsins, sem hefði það markmið að fylgjast með framkvæmd laga þeirra sem samþykkt væru á Alþingi, gefa skýrslu til þingsins um framkvæmdina og leggja fram tillögur að nauðsynlegum breytingum á áður samþykktum lögum.

Þetta yrði vafalaust ein af mikilvirkustu nefndum þingsins og mundi skapa Íslandi sérstöðu á sviði þingbundins lýðræðis í veröldinni. Þá tel ég nauðsynlegt að stjórnvöld, hverju sinni, átti sig á því að mjög óheppilegt er að hafa starfandi lögmenn, sem meirihluta ráðgjafar, um texta löggjafar sem þeir eiga síðan að starfa eftir. Lögmenn eru eins og við flest, hallir undir það að gæta atvinnuöryggis síns og því getur það beinlínis verið andstætt hagsmunum þeirra að kveða skýrt á um markmið í texta lagafrumvarps sem þeir semja. Einnig er nauðsynlegt að kveða skýrt á um tilgang laga. Það auðveldar mjög hina sívinsælu “túlkun” laganna.

AÐ LOKUM:

Ég vil taka skýrt fram, að allt sem er sett fram hér í þessum hugmyndakafla eru einungis “hugmyndir” en ekki neinn stóri sannleikur um hina einu sönnu lausn á vandamálum okkar. Hins vegar tel ég mikið af þessum hugmyndum fullkomlega þess virði að þær séu ræddar og sá er tilgangurinn með því að setja þær á blað. Um margra ára skeið hef ég safnað gögnum um hina ýmsu erfiðleika fólks í samskiptum við stofnanir og dómstóla og á grundvelli þeirrar gagnasöfnunar hafa mótast þessar skoðanir mínar á ástandinu eins og það er og hugsanlegum leiðum til lausnar þessara vandamála.

Ég hef s. l. tvö ár starfað við að aðstoða fólk í greiðsluferfiðleikum, við endurskipulag fjárskuldbindinga sinna og að losna úr klemmu lögfræðinniheimtna. Þessi starfsemi hefur ekki verið gjöfuleg tekjulega séð en hún hefur gefið fjölmörgum nýja von um bjartari framtíð.

Ef ég ætti mér eina ósk handa því fólki sem ég hef ekki getað sinnt, vegna þess að það hefur verið fyrirfram vitað að það gæti ekki greitt fyrir þjónustuna, þá mundi ég óska þess að lánastofnanir, stjórnvöld og sveitafélög sameinuðust í að reka fjölþætta hjálparstofnun á þessu sviði. Slík stofnun gæti, samhliða því að veita aðstoð vegna bráðavanda, staðið fyrir fræðslu um ábyrgð í fjármálum og fjárskuldbindingum. Einnig gæti hún tekið til meðferðar tilvik, sem lánastofnanir sendu til hennar, til athugunar á greiðslugetu. Ef slík stofnun væri til og á allra vitorði, yrði stuttur vanskilalisti lánastofnana.

Að endingu vil ég þakka öllum þeim sem hafa haft þolinmæði til þess að lesa þetta allt til enda og óska þeim guðs blessunar, gæfu og gleði í framtíðinni. Ef þessi skrif vekja forvitni lesenda eða þeir hafa áhuga á að kynnast forendum að baki þeirra, er hægt að hafa samband við mig hjá Ráðgjafarþjónustunni NÝ FRAMTÍÐ, í síma 678740 fram til 1. desember n. k. en þá verð ég því miður að hætta þessari starfsemi, þar sem mér hefur ekki tekist að skapa þá samstöðu sem þarf, til þess að tryggja fjárhagslegan rekstrargrundvöll svona starfsemi.

Með vinsemd og virðingu
Guðbjörn Jónsson